

HEKLAN

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

ATVINNUÞRÓUN Á SUÐURNESJUM

Fólk, hugmyndir og tækifæri

Við byggjum upp fjölbreyttara og sterkara atvinnulíf í samstarfi við svæðið.

HEKLAN.IS



Heklan greiðir leiðina frá hugmynd til framkvæmda

Við styðjum atvinnuþróun á Suðurnesjum í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, samtök, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

**Fleiri tækifæri
Fjölbreyttara atvinnulíf
Sterkara svæði**



Stuðningur sem mætir fólki þar sem það er statt

- | | | |
|----|-------------------------------|--|
| 01 | Einstaklingar | Hugmynd, fyrstu skref eða ný atvinnuleið. |
| 02 | Frumkvöðlar | Viðskiptahugmynd, fjármögnun og tengingar. |
| 03 | Fyrirtæki | Þróun, vöxtur, samstarf og ný verkefni. |
| 04 | Sveitarfélög og samtök | Sameiginleg verkefni sem styrkja svæðið. |

Ráðgjöfin snýst um næsta raunhæfa skref

Hugmynd

Skýrari sýn á þarfir, markhóp og verðmæti.

Undirbúningur

Viðskiptalíkan, áætlun og forgangsröðun.

Fjármögnun

Leiðsögn um styrki, sjóði og umsóknir.

Vöxtur

Tengsl, samstarf og þróun næstu tækifæra.

Verkefnin styrkja allt vistkerfi atvinnulífsins

- | | | |
|----|-------------------------------|---|
| 01 | Ráðgjöf | Til frumkvöðla og fyrirtækja um hugmyndir, rekstur og vöxt. |
| 02 | Nýsköpunarumhverfi | Eldey frumkvöðlasetur og Fab Lab Suðurnes. |
| 03 | Uppbyggingarsjóður | Styrkir til atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar. |
| 04 | Rannsóknir og greining | Íbúa- og fyrirtækjakannanir annað hvert ár. Niðurstöður á Gagnatorgi SSS. |
| 05 | Fræðsla og hraðlar | Fyrirlestrar, námskeið og Startup Landið. |

Uppbyggingarsjóður eflir Suðurnesin

Sjóðurinn styrkir menningarverkefni, samfélagsverkefni og atvinnu- og nýsköpunarverkefni sem falla að Sóknaráætlun Suðurnesja.

ÚTHLUTUN 2026

53

MILLJÓNIR KRÓNA

43 verkefni fengu styrk

64 umsóknir bárust og sótt var um rúmlega 160 milljónir króna.



3,8 m.kr.
Stofn- og rekstrarstyrkir

27,0 m.kr.
Menning og samfélag

22,3 m.kr.
Atvinnuþróun og nýsköpun

Ráðgjöf styrkir umsóknina

Heklan og Logi Gunnarsson, verkefnastjóri sjóðsins, aðstoða umsækjendur við undirbúning.

- | | | |
|----|--------------------------------|---|
| 01 | Ræðum hugmyndina | Markmið, ávinningur og tenging við áherslur sjóðsins. |
| 02 | Förum yfir drög | Lesum yfir umsóknina og bendum á það sem þarf að skýra. |
| 03 | Styrkjum framsetninguna | Hjálpum umsækjanda að setja verkefnið og kostnaðinn skýrt fram. |



Startup Landið tengir frumkvöðla um allt land

NÝSKÖPUNARHRAÐALL LANDSBYGGÐARINNAR

Landshlutasamtökin standa saman að fræðslu, ráðgjöf og tengingum fyrir frumkvöðla. Hraðallinn fór fyrst fram árið 2025.

47

UMSÓKNIR Í ÁR

2

VERKEFNI FRÁ
SUÐURNESJUM



Tvö verkefni af Suðurnesjum hafa verið valin til áframhaldandi þátttöku í hraðlinum.

[STARTUPLANDID.IS](https://startuplandid.is)

Kannanir sýna hvernig Suðurnesin eru að breytast

Fyrirtækjakönnun og íbúakönnun eru gerðar annað hvert ár.

01 Fyrirtækjakönnun

Gefur mynd af rekstrarhorfum, fjárfestingaráformum og þörf fyrirtækja fyrir starfsfólk og hæfni.

02 Íbúakönnun

Sýnir viðhorf íbúa til búsetuskilyrða og þjónustu á svæðinu.

Niðurstöðurnar styðja stefnumótun og sýna þróun milli ára og landshluta.

[SSS.IS](#) / [GAGNATORG](#)

Vöxtur fram undan en hæft fólk vantar

FYRIRTÆJAKÖNNUN LANDSHLUTA 2025

82 fyrirtæki á Suðurnesjum svöruðu könnuninni.

36%

gera ráð fyrir fjölgun starfsfólks

Hlutfallið er hæst á Suðurnesjum þegar landshlutarnir eru bornir saman.

35%

vantar starfsfólk með ákveðna færni

Um 30% vantar jafnframt starfsfólk með ákveðna menntun. Iðnmenntun er þar áberandi.

Jákvæðar horfur kalla á markvissa uppbyggingu mannauðs á svæðinu.

Hvaða menntun og færni vantar?

Dæmi úr svörum fyrirtækja á Suðurnesjum

IÐNMENTUN

MATREIÐSLA

FLUGVIRKJUN

VERKFRÆÐI

UPPLÝSINGATÆKNI

Starfsreynsla

VERKVIT

Tungumálakunnátta

Samskiptafærni

MARKAÐSMÁL

Sérhæfð fagþekking

Atvinnuþróun snýst líka um skilyrðin á svæðinu

Heklan vinnur að sameiginlegum hagsmunum Suðurnesja — með gögnum, samstarfi og verkefnum sem skapa ný tækifæri.

Þekking

Sérstaða svæðisins og gagnleg gögn.

Samstarf

Tengingar innan og utan Suðurnesja.

Uppbygging

Verkefni sem efla samkeppnishæfni og búsetuskilyrði.



Stuðningur við atvinnulífið í Grindavík

01 Ráðgjöf þegar óvissan var mest

Á meðan jarðhræringar og eldgos höfðu áhrif á bæinn veitti Heklan fyrirtækjum ráðgjöf og stuðning vegna breyttra rekstrarskilyrða.

02 Grindavík – Saman í sókn

Nú vinnum við með Grindavíkurbæ og fyrirtækjum í Grindavík að endurreisn, eflingu og framtíð atvinnulífsins.



**Aukaúthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja
Sóknarsjóður Byggðastofnunar**

Atvinnuþróun er sameiginlegt verkefni

Heklan tengir saman sveitarfélög, atvinnulíf og stuðningsaðila á Suðurnesjum.

- 01 Deilum þekkingu um stöðu og þarfir atvinnulífsins
- 02 Samræmum verkefni og nýtum tækifæri yfir sveitarfélagamörk
- 03 Byggjum upp skilyrði fyrir vöxt og fjölbreytt störf



Tökum samtalið áfram

Samstarf um atvinnuþróun Suðurnesja

heklan.is
heklan@heklan.is
+354 420 3288
Skógarbraut 945

